

Skýrsla æskulýsnefndar hestamannafélagsins

Sindra fyrir starfsárið 2010



Þá er viðburðaríku starfsári senn að ljúka hjá æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra. Árið hefur einkennst af eldgosi, öskufalli og hrossapest. Nefndin stóð fyrir reiðnámskeiði fyrir krakkana með reiðkennaranum Marioline Typen. Til stóð að keyra krakka og hesta í Rangárhöllina 4 skipti á tímabilinu 12.mars til 14.maí. Meiginmarkmið námskeiðsins var keppnisþjálfun. 16 krakkar skráðu sig og var fysti tíminn í Rangárhöllinni þann 12.mars. Vel gekk að koma þessu öllu heim og saman og héldu hross og knapar sáttir heim á leið til æfinga fyrir næsta tíma. Næsti námskeiðsdagur var 31. mars og var það haldið í Árbæjarhjáleigu. Líkt og fyrra skiptið gekk allt mjög vel og greinilegt að knapar höfðu lagt sig fram við æfingar frá fyrri tíma. Í annað skiptið á stuttum tíma minnti móðir náttúra á krafta sína, á heimleið hafði Fimmvörðuhálsgeosið opnað nýja sprungu og mátti sjá greinilegan bjarma frá þjóðvegi 1. Var þetta í raun upphaf af því sem yfir okkur gekk seinna, gos hófst í Eyjafjallajökli fyrir alvöru 14.apríl sem snart mjög svo íbúa innan starfssvæðis okkar félags. Fleiri námskeiðsdagar urðu því ekki, hross voru að mestu flutt af svæðinu vegna öskufalls og skiluðu sér mörg ekki heim á ný fyrr en um mitt sumar. Reiðskólinn okkar var felldur niður vegna þess hversu lamað starfið hafði verið og síðan hafði hrossapestin skotið niður rötum sínum ofaná allt.



Öll él birtir upp um síðir, einn keppandi lagði land undir fót og keppti fyrir hönd félagsins á unglingalangsmóti UMFÍ í Borgarnesi um verlsunarmannahelgina. Félagið studdi við bakið á honum og tók þátt í að greiða skráningargjöld. Stjórn félagsins ákvað loks að skella á síðsumarmóti þann 14.ágúst til að styrkja sína félagsmenn eftir það sem á undan hafði gengið. Mótið tókst vel og voru 4 keppendur skráðir í pollaflokk, 9 í barnaflokk, 9 í unglingaflokk og 1 í ungmennaflokk sem má teljast gott eftir stopult starfsár.

Fh. Æskulýðsnefndar Sindra Hjördís Rut Jónsdóttir.